

6 yður að sjá um, að eitt eintak af hinum framangreinda uppdrætti verði geymt
16. febr. með skjölum hlutaðeigandi hrepps og að hreppsnefndin láti halda við á kostnað hreppssjóðsins glöggum merkjum á takmörkum verzlunarlóðarinnar.

7

11. jan.

REGLUGERÐ

um gjaldeyrisverzlun, innflutning o. fl.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 11 9. jan. 1935, er hér með sett eftirfarandi reglugerð um gjaldeyrisverzlun, innflutning o. fl.

1. gr.

Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h/f hafa einkarétt til að verzla með erlendan gjaldeyri og eru allir, sem eiga eða eignast erlendan gjaldeyri, hvort heldur er hér á landi eða erlendis, skyldir að láta hann af hendi við bankana fyrir skráð kaupgengi.

2. gr.

Peir, sem kaupa vilja erlendan gjaldeyri, skulu senda um það skriflega umsókn til gjaldeyris- og innflutningsnefndar, og er eigi heimilt að selja erlendan gjaldeyri nema að fengnu leyfi nefndarinnar.

Eigi þarf leyfi nefndarinnar til þess að inna af hendi erlendar greiðslur af lánnum ríkissjóðs eða lánnum þeim, sem ríkissjóður er í ábyrgð fyrir, og eigi þarf leyfi nefndarinnar fyrir greiðslum erlendis í þarfir bankanna. Skulu bankarnir semja skrá yfir þessar greiðslur eftir því, sem fyrirfram er vitað og senda nefndinni, svo skulu þeir og tilkynna þær greiðslur, er eigi var vitað um fyrirfram, jafnóðum og þær eru inntar af hendi. Ekki er heimilt að innleysa íslenska seðla eða ávisanir í íslenskum krónum, sem sendar eru frá útlöndum án samþykkis gjaldeyris- og innflutningsnefndar, nema sérstaklega sé um það samið við bankana, enda séu þeir samningar tilkynntir gjaldeyris- og innflutningsnefnd.

Þó skulu vera í gildi þær ráðstafanir, sem bankarnir kunna að hafa gert um inneignir útlendinga í íslenskum reikningum, áður en reglugerð þessi öðlast gildi. Ef sérstaklega stendur á, er bönkunum heimilt, með samþykki eigenda, að taka við greiðslu á erlendum kröfum til geymslu í lokuðum reikningum í íslenskum krónum.

3. gr.

Bannað er að flytja eða selja til útlanda íslenskan gjaldeyri, hvort heldur er seðlar eða inneignir í bönkum, sparissjóðum eða hjá einstökum mönnum eða fyrirtækjum. En frjálsar skulu þær inneignir, sem myndast við sölu á erlendum gjaldeyri til bankanna. Ennfremur skal farþegum, sem fara til útlanda, heimilt að taka allt að 400 kr. í íslenskum gjaldeyri til greiðslu ferðakostnaðar. Skal

póststjórnin láta framkvæma nauðsynlegt eftirlit með bréfa- og bögglasendingum, til þess að tryggja, að íslenskir peningar séu ekki fluttir út í pósti.

7
11. jan.

4. gr.

Útflytjendur íslenskra afurða skulu afhenda lögreglustjóra (í Reykjavík tollstjóra) skriflegar yfirlýsingar, á þar til gerðum eyðublöðum, um söluverð útflutningsvara, og um það, hvornig þær séu greiddar eða eigi að greiðast, og skulu þeim fylgja afrit af farmskirteinum og sölureikningum yfir vörurnar, ef sala hefir farið fram. Má eigi afgreiða farmskirteini yfir vörur, nema slíkar yfirlýsingar séu fyrir hendi. Séu vörur greiddar með íslenskum gjaldeyri, skulu fylgja skilríki frá gjaldeyris- og innflutningsnefnd eða frá bönkunum, er sýni, að gjaldeyrisins hafi verið aflað þannig, að eigi brjóti í bága við lög um gjaldeyrisverzlun né reglugerð þessa. Yfirlýsingar þær og skilríki, sem að framan greinir, skal tafarlaust senda gjaldeyris- og innflutningsnefnd.

5. gr.

Allt andvirði fiskjar, sem íslensk skip selja erlendis, skal greitt í reikninga Landsbanka Íslands eða Útvegsbanka Íslands h/f erlendis. Þó getur gjaldeyris- og innflutningsnefnd veitt útvegsmönnum heimild til að ráðstafa tiltekinni upphæð í hverri ferð í þarfir útgerðarinnar, enda er þeim skylt að senda nefndinni skilagrein yfir ráðstöfun andvirðis aflans, þegar eftir að sala hefir farið fram.

6. gr.

Engar erlendar vörur má flytja til landsins, nema með leyfi gjaldeyris- og innflutningsnefndar.

Afgreiðslumönnum og póstaftgreiðslumönnum er bannað að afhenda innflytjendum erlendar vörur, nema þeir leggi fram skilríki með áritun viðkomandi lögreglustjóra (í Reykjavík tollstjóra) um, að afhending megi fara fram.

7. gr.

Umsóknir um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi skal senda nefndinni með hæfilegum fyrirvara áður en vörurnar eru pantaðar, ásamt þeim skýrslum og gögnum, sem nefndin telur nauðsynleg. Nefndinni er heimilt að setja þau skilyrði fyrir leyfisveitingum, sem henni þykir ástæða til.

8. gr.

Lögreglustjórar, hver í sínu umdæmi, og tollstjórinn í Reykjavík, skulu láta gjaldeyris- og innflutningsnefnd í té nákvæma skýrslu um magn, tegund og söluverð útfluttrar vöru, jafnskjótt sem skip það, er vörurnar flytur, leggur frá landi. Ennfremur skulu þeir, eigi síðar en 5. hvers mánaðar, láta nefndinni í té skýrslu um innflutning í næstu mánuði á undan, skal skýrslan vera í því formi, er nefndin ákveður í samráði við hagstofustjóra.

7

11. jan.

9. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum, allt að kr. 50000,00, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Sömu refsingu varðar, ef leyfishafi brýtur þau ákvæði, sem gjaldeyris- og innflutningsnefnd kann að hafa sett sem skilyrði fyrir leyfisveitingum. Ennfremur er upptækur sá ágóði, sem fæst við brot á reglugerð þessari eða skilyrðum nefndarinnar fyrir leyfisveitingum.

10. gr.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara með sem almenn lögreglumál.

11. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Bráðabirgðaákvæði:

Vörur, sem komnar eru í skip erlendis, áleiðis hingað, þegar reglugerð þessi öðlast gildi, má flytja inn á sama hátt og verið hefir.

Fjármálaráðuneytið, 11. janúar 1935.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.

8

15. jan.

BRÁÐABIRGÐAREGLUGERÐ

um framleiðslu, meðferð og sölu mjólkur.

Samkvæmt lögum nr. 1, frá 7. janúar 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl., er hér með sett eftirfarandi reglugerð:

I. KAFLI

Almennar reglur um framleiðslu og meðferð mjólkur.

1. gr.

Allir mjólkurframleiðendur, sem afhenda mjólk til mjólkurbúa eða sam-sölu, skulu kosta kapps um, að framleiða hreina og ómengaða mjólk. Til þess að svo megi verða, skal sérstaklega taka fullt tillit til eftirfarandi atriða.

2. gr.

Fjósið verður að vera nægilega loftgott og bjart. Flór skal vera lagarheldur (t. d. steinsteyptur). Leiðslur úr flór í safnþró skulu vera útbúnar með